



Fundargerð

Svæðisráð vestursvæðis - 103. fundur svæðisráðs vestursvæðis haldinn á fjarfundi, þriðjudaginn 17. maí 2022, kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Árni Pétur Hilmarsson, formaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Þingeyjarsveitar,
Sandra Brá Jóhannsdóttir, varaformaður svæðisráðs, aðalfulltrúi Skaftárhrepps,
Ásta Berghildur Ólafsdóttir, aðalfulltrúi Ásahrepps,
Ingibjörg Eiríksdóttir, aðalfulltrúi umhverfisverndarsamataka,
Karl Ingólfsson, aðalfulltrúi Samtaka útivistarféлага,
Sveinn Hreiðar Jensson, aðalfulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands,
Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður,
Jóna Björk Jónsdóttir, aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar,
Ingibjörg Halldórsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs.

1. Flutningur aðseturs og lögheimilis Vatnajökulsþjóðgarðs til Hafnar í Hornafirði - 2204068

Ingibjörg Halldórsdóttir fer yfir áform ráðherra um breytingu á aðsetri þjóðgarðsins.
Ingibjörg Halldórsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs, kynnti breytingar á framkvæmdastjórn Vatnajökulsþjóðgarðs. Hún tekur tímabundið við af Magnúsi Guðmundssyni sem framkvæmdastjóri og verður staðan auglýst. Svæðisráð fagnar flutningi aðseturs og lögheimilis Vatnajökulsþjóðgarðs út á landsbyggðina en veltir fyrir sér hvort staðsetning framkvæmdastjóra gæti verið fljótandi milli meginstarfsstöðvanna.

2. Vestursvæði - af vettvangi stjórnar - 1805025

Undirbúningur fyrir fund stjórnar VJP með svæðisráði og sveitarstjórnarfulltrúum, 27. júní nk.

Umræður um málefni svæðisráðs. Svæðisráð felur formanni og þjóðgarðsverði að undirbúa stjórnarfund í samráði við formann.

3. Vestursvæði - Skýrsla þjóðgarðsvarðar - 1912003

Skýrsla þjóðgarðsvarðar - staða á framkvæmdum við gestastofu við Sönghól o.fl.

Góður gangur er á byggingu gestastofunnar við Sönghól og staða á verkinu góð þegar tekið er tillit til veðurfarslegra þátta (harður vetur), covid og sementsskorts. Unnið er að uppsteypu. Einnig er verið að setja forsteyptar einingar á útveggi. Verktaki vinnur að því að uppfæra verkáætlun m.v. þá þætti sem valdið hafa töfum. Aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar er á leið í ársleyfi frá 1. ágúst. Svæðisráð þakkar henni góð störf og óskar henni velfarnaðar í nýjum verkefnum.

Fundargerð ritaði: Fanney Ásgeirsdóttir, þjóðgarðsvörður.
Fundi slitið kl. 14:20